

**Til:** Félag Framhaldsskólakennara  
b.t. Guðríðar Arnardóttir

Reykjavík, 25. febrúar 2016.

**Frá:** Skatta- og lögfræðisviði KPMG ehf.  
Herði Guðmundssyni, hdl.

## **Efni: Heimild til hafa aukaáðalfund**

### **1 Inngangur**

Fyrirsvarsmenn Félags Framhaldsskólakennara hafa leitað eftir því við KPMG að veitt verði lögfræðilegt álit á því hvort stjórn félagsins sé heimilt að boða til „auka-áðalfundar“ um afmarkað málefni og að slíkur fundur sé ályktunarbær og geti tekið bindandi ákvarðanir um þetta afmarkaða málefni og mögulega kjósa nýja stjórn endurmenntunarsjóðs komi fram tillaga um slíkt á fundinum.

### **2 Réttarheimildir almennra félagasamtaka**

Félag framhaldsskólakennara (FF) fellur undir flokk félagsskapar sem kölluð eru „almenn félagasamtök“. Um slík félagasamtök hefur ekki verið settur ákveðinn lagarammi eins og um ýmis önnur félagsform, svo sem hlutafélög, sameignarfélög o.s.frv. Réttarstaða félagsins og félagsamanna byggir því að miklu leyti á þeim reglum sem félagsmenn hafa komið sér saman um auk almennra réttarreglna félagaréttar.

Í tilviki FF liggja fyrir „Lög Félags Framhaldsskólakennara“ samþykkt á aukaáðalfundi 19. september 2014. Í 7. gr. laga félagsins er tilgreint að áðalfundur hafi æðsta vald í málum félagsins. Í sömu grein er kveðið á um að áðalfund skuli halda fjórða hvert ár og halda skuli áðalfundi innan sex mánaða fyrir eða eftir þing Kennarasambands Íslands.

### **3 Niðurstaða**

Samkvæmt framangreindu er ljóst að félaginu er skylt að halda áðalfund fjórða hvert ár. Þrátt fyrir það að félaginu sé skylt að halda áðalfund á fjögurra ára fresti getur slíkt ákvæði ekki talist hamla félaginu frá því að halda fleiri ákvörðunarbæra fundi. Ef félaginu væri óheimilt að halda „auka áðalfundi“ varðandi einstök mál gæti það leitt til meiri háttar vandamála innan félagsins, t.d. ef allir stjórnarmenn hafa látist o.s.frv. Það er almenn regla innan félagaréttar að æðsta valdaeining félags geti ávallt komið saman sé löglega boðað til slíkrar samkomu. Það er því mat undirritaðs að félagsaðilar FF hafi ekki afsalað sér rétti sínum til að halda fleiri fundi en það lágmark sem er tilgreint í 7. gr. laga félagsins. Á slíkum auka áðalfundi er fundurinn bær til að taka allar þær ákvarðanir sem áðalfundur getur tekið, enda sé réttilega til hans boðað og málefni borin upp í samræmi við lög félagsins.

Undirritaðar er því efnislega sammála því mati sem kemur fram í lögfræðilegu áliti Gísla Guðna Hall. hrl. frá 14. desember 2015.

Virðingarfyllst

**KPMG ehf.**



Hörður Guðmundsson hdl.

Ráðleggingar okkar í þessari álitsgerð eru takmarkaðar við þær niðurstöður sem settar eru beint fram í skjalinu og byggjast á að allar staðreyndir, ályktanir og staðhæfingar sem þar eru settar fram séu fullnægjandi og réttar. Ef einhver fyrrgreindra staðreynda, ályktana eða staðhæfinga er ekki fullnægjandi eða er röng er afar mikilvægt að okkur sé gerð grein fyrir því þegar í stað þar sem það gæti haft veruleg áhrif á niðurstöður okkar. Ráðleggingar okkar byggjast á ákvæðum skattalaga og reglugerða, úrskurðum yfirskattanefndar, fyrirmælum stjórnvalda, héraðsdómum og hæstaréttardómum. Þessar heimildir geta breyst, afturvirkst og/eða að því er varðar framtíðina, og allar slíkar breytingar geta haft áhrif á gildi ráðlegginga okkar. Við munum ekki uppfæra ráðleggingar okkar í samræmi við breytingar á lögum eða reglugerðum eða vegna nýrra túlkana dómstóla eða stjórnvalda á þeim.